

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps vegna frístundabyggðar í Hveravík.

Skipulagsstofnun staðfesti 10. júní 2024 breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. janúar 2024.

Í breytingunni felst að skilgreind er um 23 ha frístundabyggð (FS14) fyrir 6 frístundahús á landbúnaðarsvæði sem minnkar samsvarandi. Um 2,4 ha verslunar- og þjónustusvæði (AS-VP-1) er fært til og svæðinu jafnframt skipt í tvo landnotkunarflokka: 1,2 ha verslun og þjónustu (VP9) og 1,2 ha athafnasvæði (AS-5).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 10. júní 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júní 2024